

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps auglýsir vinnsluleyfi vegna virkurs í málum milli Búrfells og Þjórsár í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Leyfin verða veitt til fimm ára frá og með undirritunardegi.

Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að hafna öllum boðum telji hún þau ekki nægjanlega há eða ef bjóðendur uppfylla ekki skilyrði auglýsingarinnar

Um er að ræða tvö leyfi og er annað leyfið 1 /10 af magni hins.

Leyfunum verður ekki úthlutað til sama aðila.

Nákvæm staðsetning er á fylgiskjali 1 sem er hnitsett loftmynd af námunni.

Árlegt magn sem tekið er úr námunni mega vera allt að 15 000 m³ hjá stærri aðilanum en 1.500 hjá minni aðilanum.

Allur kostnaður sem til fellur svo sem við gerð aðstöðu starfsmanna vega og stígagerð sem og að færa til efni sem hindrar að vikurinn verði tekinn úr námunni. Eins er kostnaður við frágang á vegum bjóðenda.

Fylgja skal reglugerð no xxx um vinnslu og frágang jarðvegsnáma (vikurnáma)

Bjóðendur sýni fram að vera ekki i vanskilum með opinber gjöld. (Fylgiskjal 2)

Bjóðendur gefi yfirlýsingu um að þeir stundi ekki peningaþvætti (Fylgiskjal 3)

Bjóðendur gefi yfirlýsingu um að þeir standi skil á öllum gjöldum af starfsmönnum sem starfa hjá þeim við vikurvinnsluna. (Fylgiskjal 4)

Skila skal verði á rúmmeter í íslenskum krónum í lokuðu umslagi fyrir kl:11.00 þann xx/xx. Á skrifstofu sveitarstjóra Skeiða – og Gnúpverjahrepps í Árnosi.

Umslagið skal merkt bjóðanda og texti á tilboðinu skal vera sem næst:

Fyrtækið _____ kt: _____ býður _____ kr á rúmmeter allt að 1500m³ fimmtán hundruð rúmmetrum á ári í fimm ár verðtryggt með vísitölu neysluverðs nú xx stig.

Tilboð verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem það vilja.